# 8 Hvað er í matinn?

## 1. Má bjóða þér kaffi?

H1.54

Pétur: Má bjóða þér kaffi?

Susanna: Já, takk.

Pétur: Viltu mjólk eða sykur?

Susanna: Bara smá mjólk, takk.

| | |
|---|---|
| Má bjóða þér kaffi? | Já, takk. |
| Má bjóða þér te? | Nei, takk. |
| Má bjóða þér eitthvað að drekka? | Já, takk. Vatn.<br>Nei, takk. |



Gunnar drekkur kaffi á morgnana.

*En þú, hvað drekkur þú á morgnana? Ég drekk ...*



Vala drekkur te á daginn.

*En þú, hvað drekkur þú á daginn?*



Sigrún drekkur alltaf kakó á kvöldin.

*En þú, hvað drekkur þú á kvöldin?*

### 1.1 Á kaffihúsi

H1.55

Þjónn: Ertu tilbúin að panta?

Sandra: Já, ég ætla að fá te, takk.



Þjónn: Eitthvað fleira?

Sandra: Já, líka vatnsglas með klaka.

## 2. Morgunmaturinn

H1.56

Auður og Haukur eru hjón. Þau vakna klukkan sjö á virkum dögum og borða morgunmat.

Auður borðar alltaf ristað brauð, ost, smjör og sultu. Hún drekkur kaffi.

Haukur borðar oft ávexti og hafragraut. Hann borðar stundum súrmjólk og morgunkorn.

Hann drekkur alltaf mjólk og tekur lýsi.



**Morgunmaturinn hennar**






**Morgunmaturinn hans**




### 2.1 Hvað borðar þú í morgunmat?

*Ég borða* ______________________________

______________________________

## 2.2 Hádegismaturinn

H1.57



Auður vinnur á skrifstofu. Hún borðar hádegismat klukkan tólf.
Hún borðar oft salat og skyr en stundum súpu, egg og samloku.






Haukur vinnur á lyftara. Hann borðar alltaf heitan mat í hádeginu.
Hann borðar kjöt eða fisk og  kartöflur, grænmeti eða hrísgrjón.




**Morgunmatur**



07:00



**Hádegismatur**



12:00



**Kvöldmatur**



19:00



## 2.3 Tölum saman!

**a)** Hvað borðar þú í morgunmat? *Ég borða ...*

**b)** Hvað borðar þú aldrei í morgunmat?

**c)** Hvað borðar þú í hádegismat?

**d)** Hvað borðar þú í kvöldmat?

## 2.4 Hlustaðu og merktu við rétt svar

H1.58

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **1.** Ásdís borðar | ☐ egg | ☐ samloku | ☐ súrmjólk | í morgunmat. |
| **2.** Ásdís borðar | ☐ salat | ☐ fisk | ☐ súpu | í hádegismat. |
| **3.** Ásdís borðar | ☐ súpu | ☐ kjöt | ☐ samloku | í kvöldmat. |



### Hvað segir Fríða frænka?

Hefurðu smakkað íslenskan mat?

**Hefurðu smakkað ...**

| | |
|---|---|
| **skyr?** | Finnst þér skyr gott? |
| **harðfisk?** | Finnst þér harðfiskur góður? |
| **íslenska kjötsúpu?** | Finnst þér kjötsúpa góð? |
| **þorramat?** | Finnst þér þorramatur góður? |
| **lambakjöt?** | Finnst þér lambakjöt gott? |

## 3. Ávextir og grænmeti. Merktu við rétt orð

**1. Þetta er ...**



- ☐ appelsína
- ☐ epli
- ☐ sítróna

**2. Þetta er ...**



- ☐ banani
- ☐ epli
- ☐ pera

**3. Þetta er ...**



- ☐ pera
- ☐ sveppur
- ☐ sítróna

**4. Þetta er ...**



- ☐ appelsína
- ☐ epli
- ☐ kartafla

**5. Þetta er ...**



- ☐ appelsína
- ☐ epli
- ☐ banani

**6. Þetta eru ...**



- ☐ sveppir
- ☐ vínber
- ☐ kartöflur

**7. Þetta eru ...**



- ☐ kartöflur
- ☐ epli
- ☐ sítrónur

**8. Þetta eru ...**



- ☐ appelsínur
- ☐ sveppir
- ☐ gulrætur

**9. Þetta er ...**



- ☐ tómatur
- ☐ banani
- ☐ kál

**10. Þetta er ...**



- ☐ pera
- ☐ laukur
- ☐ banani

**11. Þetta eru ...**



- ☐ baunir
- ☐ epli
- ☐ sveppir

**12. Þetta er ...**



- ☐ gulrót
- ☐ maís
- ☐ sítróna

**13. Þetta er ...**



- ☐ kál
- ☐ maís
- ☐ pera

**14. Þetta eru ...**



- ☐ vínber
- ☐ baunir
- ☐ sveppir

**15. Þetta er ...**



- ☐ laukur
- ☐ gulrót
- ☐ agúrka

**16. Þetta er ...**



- ☐ paprika
- ☐ sítróna
- ☐ pera

**17. Þetta er ...**



- ☐ kál
- ☐ epli
- ☐ ananas



## 3.1 Hvað er í salatinu þínu?



## 3.2 Meiri matur. Skrifaðu rétt orð við rétta mynd

| | | | |
|---|---|---|---|
| brauð | smjör | kaka | samloka |
| morgunkorn | fiskur | nammi | egg |
| kjúklingur | hamborgari | salt og pipar | ís |



Þetta er

brauð



Þetta er



Þetta er



Þetta er



Þetta er



Þetta er



Þetta er



Þetta eru



Þetta er



Þetta er



Þetta eru



Þetta er

## 4. Maturinn er tilbúinn!

H1.59

| | |
|---|---|
| Natalia: | Gjörið þið svo vel. Maturinn er tilbúinn! |
| Alexander: | Þetta lítur vel út. Ég er svangur! |
| Susanna: | Þetta er mjög góður matur. |
| Alexander: | Já, og súpan var líka mjög góð. |
| Susanna: | Viltu rétta mér saltið? |
| Natalia: | Gjörðu svo vel. Má bjóða þér meira? |
| Alexander: | Já, takk. Aðeins meira. |
| Susanna: | Úff, ég er svo södd. Takk fyrir mig. |
| Natalia: | Verði þér að góðu. Ég ætla að búa til gott kaffi eftir matinn. |



**Alexander finnst**



| | |
|---|---|
| fiskur | **góður** |
| ananas | **góður** |
| eplakaka | **góð** |
| mjólk | **góð** |
| kaffi | **gott** |
| vatn | **gott** |
| brauð | **gott** |

**Alexander finnst**



| | |
|---|---|
| ostur | **vondur** |
| laukur | **vondur** |
| sveppasúpa | **vond** |
| agúrka | **vond** |
| skyr | **vont** |
| salat | **vont** |

### 4.1 Hvaða matur finnst þér góður?

*Mér finnst* ______________________________

## 4.2 Hvað segir maður við matarborðið?



| | |
|---|---|
| Gjörðu svo vel. | Takk. |
| Viltu rétta mér …? | Gjörðu svo vel. |
| Hvað viltu drekka? | Vatn, takk. |
| Hvað má bjóða þér að drekka? | Te, þakka þér fyrir. |
| Má bjóða þér meira? | Já, takk. Aðeins meira. |
| | Nei, takk. |
| Má bjóða þér kaffi? | Já, takk./Nei, takk. |
| Takk fyrir mig. | Verði þér að góðu. |
| Takk fyrir matinn. | Verði þér að góðu. |

## 4.3 Hvaða svar er rétt?

**1.** ***Við matarborðið:***
**Viltu rétta mér sykurinn?**

☐ Nei, takk.
☐ Já, gjörðu svo vel.
☐ Verði þér að góðu.

**2.** ***Í matartímanum:***
**Gjörðu svo vel.**

☐ Takk.
☐ Verði þér að góðu.
☐ Áttu sykur?

**3.** ***Í hádegismatnum:***
**Hvernig finnst þér maturinn?**

☐ Mér finnst hann mjög góður.
☐ Honum finnst hann vondur.
☐ Mig langar í ís.

**4.** ***Í kaffitímanum:***
**Má bjóða þér köku?**

☐ Nei, mér finnst hún vond.
☐ Nei, takk.
☐ Nei, oj bara.

## 4.4 Tölum saman!

**a)** Borðar þú oft skyr? *Ég borða …*
**b)** Hvað drekkur þú oft á kvöldin? *Ég drekk …*
**c)** Finnst þér fiskur góður? *Mér finnst …*
**d)** Hvernig finnst þér íslenskur matur?

## 5. Ein pylsa með öllu

H1.60



Karen: Hæ, hvað segir þú gott í dag?
Örn: Ég segi allt fínt, en þú?
Karen: Allt gott, bara.
Örn: Heyrðu, ertu búin að smakka íslenska pylsu með öllu?
Karen: Nei, er það gott?
Örn: Rosalega gott!
Karen: Hvað segi ég til að kaupa pylsu?
Örn: Þú segir bara: "Góðan daginn, ég ætla að fá eina pylsu með öllu!"
Karen: Frábært, takk fyrir.

### 5.1 Elías

H1.61





Elías ætlar að hafa það gott um helgina! Honum finnst gaman að elda góðan mat og borða og drekka mikið! Elías ætlar að grilla hamborgara, kjúkling og grænmeti. Hann langar líka að baka köku og brauð. Honum finnst gott að drekka bjór á kvöldin fyrir framan sjónvarpið. Stundum sofnar hann fyrir framan sjónvarpið.

*En þig? Hvað langar þig að gera um helgina? En hvað langar þig að borða núna?*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Þetta er** | hamborgari | (hann) | **Mig langar í** | hamborgara |
| | banani | (hann) | **Ég ætla að fá** | banana |
| | fiskur | (hann) | **Ég borða** | fisk |
| | kjúklingur | (hann) | **Ég elda** | kjúkling |
| | bjór | (hann) | **Ég drekk** | bjór |
| **Þetta er** | súpa | (hún) | **Mig langar í** | súpu |
| | terta | (hún) | **Ég ætla að fá** | tertu |
| | appelsína | (hún) | **Ég borða** | appelsínu |
| | kaka | (hún) | **Ég baka** | köku |
| | mjólk | (hún) | **Ég drekk** | mjólk |
| **Þetta er** | brauð | (það) | **Mig langar í** | brauð |
| | kaffi | (það) | **Ég ætla að fá** | kaffi |
| | epli | (það) | **Ég borða** | epli |
| | kjöt | (það) | **Ég steiki** | kjöt |
| | vatn | (það) | **Ég drekk** | vatn |

**5.2 a) Skrifaðu hvað maturinn heitir**
**b) Breyttu orðunum rétt**



*Dæmi:*

**a)** Fiskur

**b)** Ég borða fisk



**a)** ____________________

**b)** Ég elda ____________________



**a)** ____________________

**b)** Ég drekk ____________________



**a)** ____________________

**b)** Mig langar í ____________________



**a)** ____________________

**b)** Ég elda oft ____________________



a) ____________________

b) Ég ætla að fá ____________



a) ____________________

b) Ég baka ____________



a) ____________________

b) Ég borða ____________



a) ____________________

b) Ég grilla ____________



a) ____________________

b) Ég drekk stundum ____________

## 5.3 Á veitingastað

H1.62



| | |
|---|---|
| Þjónn: | Má bjóða þér matseðilinn? |
| Viðskiptavinur: | Já, takk. |
| Þjónn: | Ertu tilbúinn að panta? |
| Viðskiptavinur: | Já, ég ætla að fá fiskrétt dagsins og eitt hvítvínsglas. |

*eftir 10 mínútur...*

| | |
|---|---|
| Þjónn: | Gjörðu svo vel. |
| Viðskiptavinur: | Afsakið, get ég fengið sódavatn líka? |
| Þjónn: | Alveg sjálfsagt. |
| Viðskiptavinur: | Get ég fengið reikninginn? |
| Þjónn: | Já, augnablik. |



### Hvað segir Fríða frænka?

Kanntu að baka bananabrauð?

**Hráefni:**

200 g hveiti.
150 g sykur.
1 tsk matarsódi.
1 tsk salt.
2 stappaðir bananar (vel þroskaðir).
1 egg.

**Aðferð:**

1) Blandið öllu saman í skál.
2) Hrærið vel saman.
3) Setjið deigið í smurt form.
4) Bakið við 160°C í 45 mínútur.

# *Matseðill*

| **Forréttir:** | *Verð kr.* |
|---|---|
| *1. Súpa dagsins og brauð.* | *1090* |
| *2. Brauðkarfa með pestó og hummus.* | *780* |

| **Aðalréttir:** | |
|---|---|
| *3. Grilluð samloka með skinku og osti.* | *1200* |
| *4. Ostborgari og franskar.* | *1350* |
| *5. Píta með buffi og grænmeti.* | *1470* |
| *6. Tortilla með kjúklingi og salsasósu.* | *1500* |
| *7. Pitsa með pepperoni og lauk.* | *1780* |
| *8. Lax með kartöflum og sósu.* | *2800* |

| **Eftirréttir:** | |
|---|---|
| *9. Ís með ferskum ávöxtum.* | *980* |
| *10. Súkkulaðikaka með rjóma.* | *1150* |
| *11. Eplabaka með ís.* | *1060* |

**Drykkir:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| *Gos* | *400* | *Kaffi* | *350* |
| *Bjór* | *800* | *Kaffi Latte* | *420* |
| *Vínglas* | *850* | *Cappuccino* | *390* |
| *Te* | *320* | *Expresso* | *300* |

## 5.4 Vinnið tvö saman. Búið til samtal á veitingastað

Þjónn: ______________________________

Viðskiptavinur: ______________________________

Þjónn: ______________________________

Viðskiptavinur: ______________________________

Þjónn: ______________________________

Viðskiptavinur: ______________________________

## 6. Hvað kann ég?

### Krossgáta




**Lárétt:**

4 Ég borða ... á morgnana.
6 Má ... þér meira?
9 Mig langar í ...
10 Gerðu svo ...
11 Ég ... að fá pítsu.
13 Ég baka ...
14 Mér ... fiskur góður.
15 Ertu ... að panta?

**Lóðrétt:**

1 Ég ... bjór.
2 Takk fyrir ...
3 Hann ... banana.
5 Mér finnst sveppasúpa ...
7 Þetta er ...
8 Þetta er ...
12 Ég drekk ...

## 7. Sjálfsmat – Þetta kann ég!

**1.** Ég kann **að bjóða mat og drykk**

☐ Má bjóða þér kaffi?

☐ Má bjóða þér te?

☐ Má bjóða þér köku?

**2.** Ég kann **orðin**

☐ á morgnana

☐ á daginn

☐ á kvöldin

**3.** Ég kann **að tala við þjón** á kaffihúsi eða veitingastað

☐ Ég ætla að fá …

☐ Get ég fengið reikninginn?

**4.** Ég kann **orð um mat**



**5.** Ég kann **orð um ávexti**



**6.** Ég kann **orð um grænmeti**



**7.** Ég kann **orðin**

☐ morgunmatur

☐ hádegismatur

☐ kvöldmatur

**8.** Ég kann **að segja hvað mér finnst gott/vont**

☐ Mér finnst fiskur góður/vondur

☐ Mér finnst kaka góð/vond

☐ Mér finnst kaffi gott/vont

**9.** Ég kann **að segja**

☐ Gjörðu svo vel

☐ Viltu rétta mér … saltið, smjörið, sykurinn?

☐ Takk fyrir mig!

☐ Verði þér að góðu

**Málfræði M**

## Þolfall

| | **hann** (karlkyn - kk) | **hún** (kvenkyn - kvk) | **það** (hvorugkyn - hk) |
|---|---|---|---|
| **nefnifall** (nf) | Þetta er strák**ur**. | Þetta er kon**a.** | Þetta er barn. |
| **þolfall** (þf) | Ég á strák. | Ég á kon**u**. | Ég á barn. |
| **nefnifall** | lamp**i** | kak**a** | kaffi |
| **þolfall** | lamp**a** | kök**u** | kaffi |
| **nefnifall** | bí**ll** | bók | hús |
| **þolfall** | bí**l** | bók | hús |

| **Athugið! a → ö** | |
|---|---|
| kak**a** | → kök**u** |
| fransk**a** | → frönsk**u** |

**Sagnir sem stýra þolfalli**
til dæmis:
borða, tala, eiga, kaupa og elda.

| **Dæmi um þolfall:** | |
|---|---|
| Talar þú frönsku? | Já, ég tala frönsku. |
| Átt þú bíl? | Nei, ég á ekki bíl. |
| Á hann konu? | Já. |
| Borðar hún hamborgara? | Já, hún borðar hamborgara. |
| Kaupir þú oft brauð? | Nei, ég baka brauð! |
| Eldar þú fisk? | Já, ég elda stundum fisk. |

# Ópersónulegar sagnir – *að finnast* og *að langa*

## *að finnast*

| persónufornafn | | að finnast | nafnorð | lýsingarorð |
|---|---|---|---|---|
| **(ég)** | mér | finnst | ostur/(hann) | góð**ur**<br>vond**ur** |
| **(þú)** | þér | | pitsa/(hún) | góð<br>vond |
| **(hann)** | honum | | kaffi/(það) | go**tt**<br>von**t** |
| **(hún)** | henni | | | |

| | |
|---|---|
| **Finnst þér** ís góður? | Já, mér finnst ís góður.<br>Nei, mér finnst ís vondur.<br>Já/Nei. |
| **Finnst þér gaman** á Íslandi? | Já, mér finnst gaman á Íslandi.<br>Nei, mér finnst ekki gaman. |
| **Finnst honum** kakó gott? | Já, honum finnst kakó gott. |
| **Finnst henni** eplakaka góð? | Nei, henni finnst eplakaka vond. |

| Lýsingarorð |
|---|
| Hann er **svangur**. |
| Hún er **svöng**. |
| Hann er **saddur**. |
| Hún er **södd**. |

## *að langa*

| persónufornafn | | að langa | |
|---|---|---|---|
| **(ég)** | mig | langar | að dansa. |
| **(þú)** | þig | | í súkkulaðiköku. (þf) |
| **(hann)** | hann | | |
| **(hún)** | hana | | |

| | |
|---|---|
| **Langar þig** í ís? | Já, mig langar í ís.<br>Nei, mig langar ekki í ís.<br>Já./Nei. |
| **Langar þig** að fara heim? | Já, mig langar að fara heim. |
| **Langar hann** í bíó núna? | Já, hann langar í bíó. |
| **Langar hana** í sund? | Nei, hana langar ekki í sund. |